



Tegund eignar : Íbúð

Bæjarfélag / Hverfi :
Torrevieja

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2024

Sundlaug : Í sameign

Garður : Nei

Eignin snýr : til norð-austurs

Útsýni : Miðbær

Bílastæði : N/A

Fermetra stærð eignar : 83,15 m²

Stærð verandar : 10,25 m²

Flugvöllur : 40 min

Strönd : 3 min

Borg : 1 min

Golf : 15 min

✓ Hiti í gólfi

✓ Heimilistæki

✓ Lyfta

✓ Innbyggð loftkæling

✓ Verönd

Einstaklega falleg og vönduð íbúð aðeins 300 metrum frá ströndinni í líflegu borginni Torrevieja og öll nauðsynleg þjónusta og affreying s.s. matvöruverslanir, veitingahús, barir, bankar og apótek í göngufæri, að auki er ekki nema 10 mín keyrsla í verslunarmiðstöðvarnar Habaneras og Zenia Boulevard.

Íbúðin sem um ræðir er með 3 svefnherbergjum og 2 baðherbergjum með hita í gólfum auk bjarts og rúmgóðs alrýmis með fullbúnu eldhúsi þar sem hágæða heimilistæki fylgja með og stofa. Einnig fylgir íbúðinni aðgangur að sameiginlegri sundlaug á jarðhæð og sánu.

Stutt er jafnframt að rölta til hafnarinnar í Torrevieja, en þar má meðal annars finna glæsilega veitingastaði, tívoli, báta, sæpotu leigur og kafbátasafnið í Torrevieja. Ekki sakar að tylla sér niður á rúmgóða verönd eins hinna fjölmörgu veitingastaða eða bara sem eru við höfnina og njóta þar síns upphalds kokteils í góðum félagsskap - með óhindrað útsýni til sjávar þar sem milt veðurlagið gerir alla daga að góðum dögum.

Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla meðfram hinum frægu salt vötnum Torrevieja/La Mata, heimili hinna bleiku flamingo fugla og njóta þar fjölbreyttrar og fallegrar náttúru og lífríkis. Auk þess er ekki úr vegi að rölta á björtu síðdegi meðfram Playa les Ortiques ströndinni sem liggur milli Torrevieja og strandbæjarins Guardamar, en þessi strönd er verndað náttúrusvæði þar sem hinn einstaklega hlýja og ósnortna náttúra Miðjarðarhafsins fær að njóta sín. Strandlengja þar sem sandhólar, náttúrulegur gróður og dýraríki ráða ríkjum, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 10 mínútna ökufjarlægð að heiman.

Vertu velkomin að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um þessa einstöku eign!